



DOCTOR OECONOMIAE HONORIS CAUSA í viðskipta- og hagfræðideild

Edmund S. Phelps er framarlega í hópi þjóðhagfræðinga í Bandaríkjunum. Hann hefur verið félagi í National Academy of Sciences í Bandaríkjunum frá árinu 1981; var útnefndur „Distinguished Fellow” af bandaríska hagfræðingafélaginu árið 2000; hefur gegnt starfi varaforseta samtakanna; verið félagi í American Academy of Arts and Sciences, New York Academy of Sciences.

Phelps lauk doktorsprófi frá Yale háskóla árið 1959 og hefur starfað við Yale, University of Pennsylvania og Columbia University. Hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar erlendis meðal annars heiðursnafnbót frá Amherst College árið 1985, frá háskólunum í Róm og Mannheim árið 2001, frá háskólanum í Lissabon árið 2003 og frá Parísarháskóla árið 2004.

Segja má að framlag Phelps til hagfræðinnar sé að auka skilning á framboðshlið hagkerfa, þ.e.a.s. getu þeirra til þess að framleiða vöru og þjónustu án þess að til vaxandi verðbólgu komi. Í upphafi ferils síns setti hann fram kenningu um það hversu mikið þjóðir ættu að verja í fjárfestingu, annars vegar, og einkaneyslu, hins vegar, ef þær vildu hámarka neyslu og velferð allra kynslóða. Þetta er hin svokallaða gullna regla hagvaxtarfræðanna. Skömmu síðar ritaði hann tímamótaritgerð sem fjallaði um hlutverk menntunar í hagvaxtarferlinu. Þar túlkar hann menntun sem hæfileikann til þess að læra og tileinka sér nýjar hugmyndir og nýja tækni. Hann leiðir þar rök að því að þjóðir sem hafa hátt menntunarstig eigi auðveldara með að fylgjast með og tileinka sér tækninýjungar í heiminum og því verði líf skjör þeirra betri fyrir vikið. En mesta frægð hlaut hann fyrir þá kenningu sína árið 1968 að aukning verðbólgu gæti einungis tímabundið lækkað atvinnuleysi en um þær mundir var því almennt haldið fram að stjórnvöld gætu valið á milli hærri verðbólgu og lægra atvinnuleysis, annars vegar, og lægri verðbólgu og hærri atvinnuleysis hins vegar: Unnt væri að „kaupa” lægra atvinnuleysi með því að auka peningaprentun og verðbólgu. Hann sýndi fram á að ef stjórnvöld reyndu að halda atvinnuleysi lægra en sem nemur því sem kallast náttúrulegt atvinnuleysi þá yrði afleiðingin vaxandi verðbólga. Peningastefna seðlabankans hefur þá einungis skammtímaáhrif á atvinnu og framleiðslu. Þessi kenning hefur haft mikil áhrif á hugmyndir hagfræðinga og hagstjórn. Meðal annars þá hjálpar hún okkur til þess að skilja hagsögu Íslands sem einkenndist um árabíl af mikilli og sveiflukenndri verðbólgu og lágu atvinnuleysi. Hin síðari ár hefur Phelps unnið að rannsóknum á breytingum þessa náttúrulega atvinnuleysis í því skyni að skilja orsakir hás atvinnuleysis í mörgum Evrópuríkjum undanfarna áratugi. Jafnframt hefur hann sett á laggirnar stofnun við Columbia háskóla um rannsóknir á markaðshagkerfum þar sem hann og aðrir fræðimenn vinna að rannsóknum á drifkrafti markaðshagkerfa, starfsemi frumkvöðla og stofnanaumgjörð hagkerfisins.

Tengsl Phelps við Háskóla Íslands eru margvísleg. Hann hefur verið samstarfsmaður Gylfa Zoëga í áráraðir og hafa þeir skrifað fjölda ritgerða sem birst hafa í erlendum tímaritum. Hann

hefur sótt ráðstefnur sem haldnar hafa verið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og hjálpað til við að fá hingað til lands fræðimenn í fremstu röð. Hann hefur boðið kennurum deildarinnar á ráðstefnur og almennt sýnt kennurum deildarinnar sem á vegi hans hafa verið velvilja og hjálpsemi. Hann er sannur Íslandsvinur.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Edmund S. Phelps með nafnbótinni doctor oeconomiae honoris causa. Sé það góðu heilli gjört og vitað.



Oddný G Sverrisdóttir deildarforseti hugvísindadeildar, Richard N. Ringler heiðursdoktor, Edmund S. Phelps heiðursdoktor, Gylfi Magnússon deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar og Páll Skúlason rektor Háskóla Ísland.